



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

U

UNGSVEITIN LEIKUR  
SHOSTAKOVITSJ

4. OKTÓBER 2015



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

**Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum standur.**

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónleikanna.

Tónleikarnir eru hljóðritaðir og verða sendir út fimmtudaginn  
5. nóvember á Rás 1 Ríkisútvarpsins.

**Áætluð timalengd verks:**

55'

Aðalstyrktaraðili:

**GAMMA**



@icelandsymphony

#sinfó

www.sinfonia.is

# Ungsveitin leikur Shostakovitsj

Tónleikar í Eldborg 4. október 2015 » 17:00

**Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands**

**Eivind Aadland** hljómsveitarstjóri

**Dímítríj Shostakovitsj**

*Sinfónía nr. 10 í e-moll op. 93 (1953)*

*Moderato*

*Allegro*

*Allegretto*

*Andante – Allegro*

## Sigrún Eðvaldsdóttir

verndari Ungsveitarinnar



Það varð mér mikill heiður og ánægja að fá það hlutverk að vera verndari Ungsveitarinnar. Ég brást við með barnslegri gleði og mundi þá hversu mikilvægt það er að viðhalda barninu í sjálfum sér. Í Ungsveitinni eru unglingar á öllum aldri sem voru einu sinni börn. Ég sé sjálfa mig í mörgum þeirra.

Þessir krakkar eru fullir af orku og gleði og jákvæðni. Þetta eru einstaklingar sem hafa lagt hart að sér við nám og hljóðfæraleik og öllu sem lífinu fylgir og við vitum öll að það er ekkert grín að láta það allt saman ganga upp. Til þess þarf óbilandi áhuga einstaklingsins og skilning og hjálpsemi foreldra.

Eitt af skemmtilegustu tímabilum lífs míns var þegar ég tók tólf ára þátt í norræna unglinganámskeiðinu Nordiska Ungdomsorkestern í Lundi í Svíþjóð.

Þá lék í fyrsta skipti með stórrí sinfóníuhljómsveit og fyrsta sinfónían sem ég lék þar var sinfónía nr. 2 eftir Sibelius með engum öðrum en ungum Leif Segerstam. Þá var teningunum kastað og ekki var aftur snúið. Ég varð alvarlega hrifin af sinfóníuhljómsveitum.

Og enn þann dag í dag þegar við erum að spila eitthvað magnað verk í Sinfó á tónleikum með frábærum stjórnanda þá hugsa ég oft: „Þetta er æðislegt, vá hvað ég er heppin“.

Við skulum vona að hvað sem þessir frábæru krakkar taka sér fyrir hendur í framtíðinni þá munu þau hugsa með hlýju til Ungsveitarinnar okkar þar sem þau tóku sum sín fyrstu skref í hljómsveitarleik og lærðu að spila sem ein heild og lærðu að vera góð við sessunautinn sinn, hlusta á stjórnandann og gefa allt sem þau áttu til þess að úr yrði lifandi meistaraverk.

Svo vona ég að þakið rifni ekki af Eldborg á meðan á flutningnum stendur. Slíkur er krafturinn.

## Arna Kristín Einarsdóttir

framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands



Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands var stofnuð haustið 2009 og hefur verið starfrækt árlega síðan. Ungsveitin er hluti af öflugri fræðslustarfi Sinfóníuhljómsveitarinnar en nær fjórðungur starfsemi okkar er helgaður fræðslustarfi afólíkum toga. Í Ungsveitinni fá framúrskarandi tónlistarnemendur að kynnst starfsumhverfi atvinnutónlistarmanna á Íslandi. Þau njóta leiðsagnar hljóðfæraleikara Sinfóníuhljómsveitarinnar og æfa undir stjórn virtra erlendra hljómsveitarstjóra sem reglulega stjórna Sinfóníuhljómsveitinni. Þau fá tækifæri til að æfa við kjöraðstæður í Hörpu og halda tónleika í Eldborg.

Sænski landsliðsþjálfarinn Lars Lagerbäck segir að grunnurinn að velgengni íslenska karlalandsliðsins í fótbolta séu sparkvellir sem byggðir hafa verið við fjölda grunnskóla um land allt síðasta áratuginn. Rétt eins og landsliðin okkar í hóp-íþróttum vekja athygli sökum þess hve vel þau standa sig á alþjóðlegum mótum þrátt fyrir fámennið, vekur það athygli í alþjóðasamfélaginu að Íslendingar skuli geta státað sig á sinfóníuhljómsveit á heimsmælikvarða.

Sinfóníuhljómsveit Íslands byggir á þeim grunni sem lagður hefur verið með öflugri tónlistarkennslu í landinu frá því um miðja síðustu öld. Í tónlistarnámi felst mikill máttur. Í listnámi fá nemendur tækifæri til að tjá tilfinningar sínar. Á tímum mikillar tölvu-, sjónvarps- og símanotkunar bendir ýmislegt til þess að tilfinningalæsi og samskiptafærni barna fari hrakandi. Í hljómsveit kynnst börnin ekki aðeins liðsheild heldur einnig að hlusta og vera hluti af samhljómi þar sem allar raddir skipta máli. Að þekkja slíkan samhljóm er afar dýrmætt fyrir einstaklinginn, ekki síður en samfélagið allt. Tónleikum Ungsveitarinnar fylgir alltaf mikil eftirvænting. Glíman við verkefnið og þrotlausar æfingar liggja að baki. Nú fáum við að upplifa ferska túlkun unga fólksins á einu af stærsta og veigamesta tónverki 20. aldarinnar 10. sinfóníu Shostakovitsj.

Góða skemmtun!

## Eivind Aadland

hljónsveitarstjóri



Eivind Aadland (f. 1956) er einn af virtustu hljónsveitarstjórum Noregs. Hann var aðalhljónsveitarstjóri og listrænn stjórnandi Sinfóníuhljónsveitar Þrándheims á árunum 2004 til 2010. Aadland hefur stjórnað öllum helstu sinfóníuhljónsveitum Norðurlanda og kemur reglulega fram sem gestastjórnandi með filharmóníuhljónsveitunum í Björgvin og Ósló, sinfóníuhljónsveitum Stafangurs og Gautaborgar og Sænsku Kammersveitinni.

Utan Norðurlandanna hefur Aadland unnið mikið með sinfóníuhljónsveitum í Ástralíu, Austurlöndum fjær, Belgíu, Hollandi, Finnlandi, Skotlandi og Þýskalandi. Hann hefur einnig fengist við óperustjórn og hlutu *Töfraflautan*, *Brúðkaup Fígarós* og *Don Giovanni* afbragðs viðtökur er hann stýrði uppfærslum verkanna við Norsku óperuna.

Eivind Aadland hóf feril sinn sem fiðluleikari og lærði hjá hinum heimsþekktu fiðluleikara Yehudi Menuhin. Aadland gegndi um árabil stöðu konsertmeistara Filharmóníuhljónsveitarinnar í Bergen en ákvað að venda kvæði sínu í kross og hóf nám í hljónsveitarstjórn hjá Jorma Panula við Sibeliusarakademiuna í Helsinki. Hann hefur hljóðritað sem hljónsveitarstjóri og sem fiðluleikari fyrir Hyperion, EMI, BIS og Simax.

Aadland hefur stjórnað Sinfóníuhljónsveit Íslands átta sinnum á tónleikum, og heldur einnig um tónsprotann næstkomandi fimmtudag þegar Víkingur Heiðar Ólafsson flytur píanókonsert Skrjabíns.

## Ungsveit SÍ



Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands hefur vakið verðskuldaða athygli en sveitin var tilnefnd sem Bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum 2011. Undanfarin sex ár hafa tæplega hundrað ungmenni úr tónlistarskólum landsins tekið þátt ár hvert á Ungsveitarnámskeiði Sinfóníuhljómsveitarinnar og náð undraverðum árangri undir leiðsögn framúrskarandi hljóðfæraleikara og hljómsveitarstjóra.

Markmið Sinfóníuhljómsveitarinnar með hljómsveitarskóla Ungsveitarinnar er að gefa tónlistarnemendum innsýn og vettvang til að kynnast hinum sífóníska heimi af eigin raun og njóta þjálfunar og leiðsagnar í hljómsveitarleik eins og um atvinnumennsku væri að ræða. Hljóðfæraleikarar Ungsveitarinnar þurfa að standast prufuspil sem líkir eftir aðstæðum prufuspila hjá Sinfóníuhljómsveitinni. Í Ungsveitinni eru gerðar strangar kröfur um faglega frammistöðu enda hafa tónleikar Ungsveitarinnar vakið eftirtekt fyrir samstilltan flutning og magnaða túlkun.

Hljómsveitin í ár er skipuð rúmlega 70 hljóðfæraleikurum sem valdir voru úr stórum hópi ungmenna sem léku um sæti í sveitinni með prufuspili. Að þessu sinni var aðstoðarhljómsveitarstjóri á fyrstu æfingum sveitarinnar Bernharður Wilkinson. Prufuspil verða haldin í apríl 2016.

## Verkefni Ungsveitar SÍ

### 2009

Dímítríj Shostakovitsj: Sinfónía nr. 5  
Rumon Gamba, hljómsveitarstjóri

### 2010

Modest Músorgskíj: Nótt á nornagnípu  
Pjotr Tsjajkovskíj: Sinfónía nr. 4  
Rumon Gamba, hljómsveitarstjóri

### 2011

Gustav Mahler: Sinfónía nr. 5  
Baldur Brönnimann, hljómsveitarstjóri

### 2012

Gustav Holst: Pláneturnar  
Baldur Brönnimann, hljómsveitarstjóri

### 2013

Hector Berlioz: Karnival í Róm  
Claude Debussy: La mer  
Edward Elgar: Sellókonsert  
Sæunn Þorsteinsdóttir, einleikari  
Petri Sakari, hljómsveitarstjóri

### 2014

Pjotr Tsjajkovskíj: Rómeó og Júlía  
Modest Músorgskíj: Myndir á sýningu  
Petri Sakari, hljómsveitarstjóri

## Verkefni Ungsveitar SÍ á Tectonics

### 2013

Robert Ashley: In memoriam ... Crazy  
Horse – sinfónía fyrir blásara og  
strengjahljóðfæraleikara  
Stephen Montague: In memoriam Jim Tenney  
fyrir stóran hóp hljóðfæra og/eða radda  
Ilan Volkov, hljómsveitarstjóri

### 2014

Alvin Curran: Beams  
Alvin Curran, hljómsveitarstjóri

Robyn Schulkowsky: Spunaverk  
Robyn Schulkowsky, hljómsveitarstjóri

### 2015

Unnið í samvinnu við Daníel Bjarnason



## Dímítríj Shostakovitsj

Sinfónía nr. 10



Sovéska tónskáldið Dímítríj Shostakovitsj (1906–1975) samdi fimmtán sinfóniur á árunum 1925 til 1971 og eru þær merkur vitnisburður um hina viðsjárverðu tíma sem tónskáldið lifði á. Margir hlustendur heyra í verkum Shostakovitsj trúverðuga lýsingu á hörmungum Stalínstímans, hvort heldur er í manískum scherzóum eða tregafullum og innilegum hendingum. Andófsmaðurinn Shostakovitsj hlaut þó ekki uppreisn æru fyrr en eftir lát sitt. Meðan hann lifði var honum hampað sem dyggum flokksmanni kommúnista. Þótt Shostakovitsj væri stundum óstýrilátur gerði hann líka skyldu sína með því að semja kantötur og önnur lofgjörðarverk til flokksins og ættjarðarinnar.

Það var ekki fyrr en með bókinni *Testimony* – sem sögð er vera endurminningabók Shostakovitsj, rituð skömmu eftir lát hans af landflótta sovískum tónlistarfræðingi að nafni Solomon Volkov – að mynd manna af tónskáldinu breyttist. Ýmsum spurningum er enn ósvarað varðandi tilurð bókarinnar en þó eru flestir þeir sem þekktu Shostakovitsj á einu máli um að hún bregði upp trúverðugri mynd af skoðunum hans og aðstæðum. Tónlist er í eðli sínu margræð og erfitt að ákvarða „merkingu“ hennar í eitt skipti fyrir öll. Þetta varð Shostakovitsj vafalaust til lífs. Þó að tónlist hans sé að mörgu leyti hefðbundin má heyra í henni andóf af því tagi sem listamönnum í öðrum greinum hefði varla liðist undir ógnarstjórn Jósefs Stalín.

Þegar Stalín lést 5. mars 1953 bjuggust margir við því að nú myndi Shostakovitsj, sem í nærri tvo áratugi hafði mátt þola kúgun og niðurlægingu af hálfu sovískra stjórnvalda, loks láta allt flakka. Enn kom Shostakovitsj hlustendum sínum á óvart. Tíunda sinfónían er sérkennilegt meistaraverk, á köflum innhverf og hæglát en annars staðar brýst fram kaldhæðni og jafnvel heift sem er aðdáendum tónskáldsins vel kunn. Yfirmenn tónlistarmála voru síður en svo ánægðir með þessa nýsmíði og skömmu eftir frumflutninginn efndi Tónskáldafélag Sovétríkjanna til málþings um hina tormeltu

---

### Tónlistin á Íslandi

*Ungsveit SÍ hefur einu sinni áður leikið verk eftir Shostakovitsj, fimmtu sinfóníuna á fyrstu tónleikum sínum í september 2009.*

sinfóníu. Shostakovitsj tók þar fyrstur til máls og baðst „afsökunar“ á verkinu; hann kvaðst hafa samið sinfóníuna í of miklum flýti, sagði að fyrsti kaflinn væri ófullnægjandi, að annar þáttur væri of stuttur og þar fram eftir götunum. Andstæðingar Shostakovitsj héldu því fram að sinfónían væri í engum tengslum við „hina bjartsýnu framtíð sovéskrar alþýðu“.

Sé endurminningabókin Testimony tekin trúanleg var stirt samband tónskálds og einræðisherra kveikjan að verkinu. „Tíunda sinfónían er um Stalín. Ég samdi hana skömmu eftir að Stalín lést, en fram til þessa hefur enginn getið sér þess til að þetta sé yrkisefni mitt. Sinfónían er um Stalín og Stalínstímann. Annar kaflinn, scherzóið, er að vissu leyti mynd af Stalín í tónum,“ hefur Volkov eftir tónskáldinu. Ef mótífið DSCH (sjá að neðan) á að tákna tónskáldið sjálft, þá er engu líkara en að í verkinu eigist við tvö öfl: Stalín og Shostakovitsj. Sá síðarnefndi ber sigur úr býtum eins og ljóst er af lokatöktunum, þar sem nafn tónskáldsins dynur í pákunum við þrumandi meðleik hljómsveitarinnar.

---

## Tónlistin á Íslandi

*Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur sjö sinnum leikið tíunda sinfóníu Shostakovitsj, undir stjórn Bohdans Wodiczko (1975), Franks Shipway (1986), Stefans Sanderling (1995), Petris Sakari (1999), Rumons Gamba (2006 og 2010) og Gennadijs Rozhdestvenskijs (2013).*

Fyrsti þáttur er dökkur og íhugull. Strengjahljóðfærin hefja leikinn en smám saman bætast önnur hljóðfæri við. Flauta seinna meginstef kaflans, sem er órólegt og flöktandi. Hápunktarnir koma með sívaxandi þunga hver á fætur öðrum, en þegar allt er um garð gengið heyrast upphafsstefið enn á ný. Niðurlagið er dæmigert fyrir hljóðheim Shostakovitsj: dúett fyrir tvær pikkolóflautur við dulúðugan pákuslátt.

Annar kafli – „myndin af Stalín“ – er hratt og ofsafengið scherzóið. Nótturnar eru ýmist svimandi hraðar eða í hníf-beittum marséringarhryn, og dýnamíkin er þrumandi sterk svo að segja allan kaflann út í gegn. Þriðji þáttur er einnig hálfgildings scherzóið, á lágstemmdari nótum þó; hægur fyrsti þátturinn nægir fyrir verkið allt. Upphaf þriðja kaflans er varkært en tónlistinni vex smám saman ásmegin. Vendipunkti

er náð þegar flautur leika stef sem er undirskrift tónskáldsins í tónum: DSCH. Samkvæmt þýskri hefð er eftirnafnið ritað „Schostakowitsch“ og þannig má búa til fjögurra tóna stef: D-Es-C-H. Shostakovitsj hafði þegar notað þetta mótíf í píanósónötu sinni nr. 2 og fiðlukonserti nr. 1, og það skýtur jafnframt upp kollinum í mörgum seinni verka hans.

Nafn tónskáldsins er ekki hið eina sem hljómar í þriðja kafla 10. símfóníunnar. Um miðbik þáttarins leikur einleikshorn fimm tóna stef sem samanstendur af tónunum E-A-E-D-A, alls tólf sinnum við ólíkan undirleik. Ef notuð eru nótnaheiti úr „solfège“-kerfinu fyrir miðnóturnar þrjár er útkoman E-la-mi-re-A, eða Elmíra. Elmíra Naziróva var píanóleikari og sótti nokkra tónsmíðatíma hjá Shostakovitsj árið 1947. Sex árum síðar skiptust þau á innilegum bréfum og virðist tónskáldið hafa átt frumkvæðið að þeim. Þegar Naziróva var spurð út í vináttu þeirra síðar á ævinni sagðist hún ekki hafa verið annað en skáldgyðja tónskáldsins við gerð 10. símfóníunnar, og þegar verkið hafi verið fullgert hafi bréfasamband þeirra runnið hratt út í sandinn.

Lokaþátturinn hefst á hægum inngangi. Fyrir en varir er nýtt stef í burðarliðnum og þegar það sprettur fram fullmótað ríkja gleði og léttleiki um hríð. Þó er ekki öll sagan sögð. Dramatískir hápunktar eru aðalmerki Shostakovitsj og þá vantar heldur ekki hér. Lokataktarnir, þar sem DSCH-stefið hljómar í síðasta sinn, eru sérlega áhrifaríkir; hér er eins og Shostakovitsj hneigi sig fyrir áheyrendum sínum um leið og hann hrósar sigri yfir sínum forna fjanda í eitt skipti fyrir öll.

*Árni Heimir Ingólfsson*

## Á döfinni

### Víkingur leikur Skrjabín



**Fim. 8. október » 19:30**

Víkingur Heiðar er ókrýndur íslenskur stórmeistari slag-hörpunnar. Það er engin tilviljun að í ár var hann í fjórða sinn valinn flytjandi ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum. Nú flytur Víkingur sjaldheyrðan konsert Alexanders Skrjabín og hefur þetta að segja um verkið: „Að stíga inn í tónheim Skrjabíns er að leika sér að eldinum. Píanókonsertinn er meistaraverk, hvernig sem á það er litið, og sætir furðu að hann hljómi jafn sjaldan í tónleikasölum heimsins og raun ber vitni. Það er gleðiefni fyrir mig að fá að leika hann á Íslandi á 100 ára ártíð tónskáldsins.“

**Ludwig van Beethoven**      *Coriolan, forleikur*

**Alexander Skrjabín**      *Píanókonsert*

**Franz Schubert**      *Sinfónía nr. 9*

**Eivind Aadland** hljóm sveitarstjóri

**Víkingur Heiðar Ólafsson** einleikari

### Uppáhalds Rússar

**Fim. 22. október » 19:30**

Þriðji píanókonsertinn eftir Prokofiev er fastagestur á tónleikadagskrám hjá Behzod Abduraimov en árið 2009 vann hann fyrstu verðlaun í Alþjóðlegu píanókeppninni í London aðeins 18 ára að aldri og hlaut skömmu síðar útgáfusamning hjá hinu virta forlagi Decca. „Er hann hinn nýi Horowitz?“ mátti lesa í tónlistarrýni The Independent. *Nótt á nornagnípu* eftir Músorgskíj og fimmta sinfónía Tsjajkovskíjs eru meðal myndrænustu og mögnuðustu verka meistaranna þar sem öfl hins illa og örlög eru megin viðfangsefnið.

**Modest Músorgskíj**      *Nótt á nornagnípu*

**Sergej Prokofiev**      *Píanókonsert nr. 3*

**Pjotr Tsjajkovskíj**      *Sinfónía nr. 5*

**Osmo Vänskä** hljóm sveitarstjóri

**Behzod Abduraimov** einleikari

## Á döfinni

### Leníngrad-sinfónían

**Fim. 11. febrúar » 19:30**



Píanókonsert Tsjajkovskíjs er eitt vinsælasta tónverk allra tíma og í því gefst einleikaranum færi á að sýna allar sínar bestu hliðar, jafnt í tjáningu sem tæknilegri færni. Fáir vita þó að Tsjajkovskíj endurskoðaði verkið eftir frumflutninginn og breytti ýmsu. Fyrir skömmu kom í leitirnar handritið að upprunalegu gerðinni frá 1875 og nú hljómar þessi útgáfa verksins í fyrsta sinn á Íslandi. Kirill Gerstein er einn áhuga-verðasti píanisti sinnar kynslóðar. Hann hlaut hin virtu Gilmorepíanóverðlaun árið 2010 og New York Times valdi nýjasta geisladisk hans einn þeirra bestu sem gefnir voru út á síðasta ári.

*Leníngrad*-sinfónía Shostakovítsj er sérlega áhrifamikil tónsmíð. Hún var samin undir nærri ólýsanlegum kringumstæðum og lýsir innrás Þjóðverja í Sovétríkin í júní 1941. Umsátur þeirra um *Leníngrad* varði í níu hundruð daga og talið er að um milljón manns – þriðjungur borgarbúa – hafi látið lífið í sprengjuárásum eða úr kulda, smitsjúkdómum og hungri. Sinfónían er magnþrunginn minnisvarði um reisn mannsandans og mátt listarinnar jafnvel þegar öll sund virðast lokuð.

**Pjotr Tsjajkovskíj**

*Píanókonsert nr. 1*

**Dmítríj Shostakovítsj**

*Sinfónía nr. 7, Leníngrad-sinfónían*

**James Gaffigan** hljóm sveitarstjóri

**Kirill Gerstein** einleikari

# Hljómsveit á tónleikum

4. október 2015

## 1. FIÐLA

Pétur Úlfarsson  
Herdís Mjöll Guðmundsdóttir  
Júnía Lín Jónsdóttir  
Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir  
Hjalti Nordal  
Klara Rosatti  
Maksymilian Haraldur Frach  
Nikodem Júlíus Frach  
Agnes Eyja Gunnarsdóttir  
Bjargey Birgisdóttir  
Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir  
Guðfinna Margrét Örnólfsdóttir  
Hafrún Birna Björnsdóttir  
Ingibjörg Ásta Guðmundsdóttir

## 2. FIÐLA

Hekla Finnsdóttir  
Jóhann Örn Thorarensen  
Steinunn Atladóttir  
Guðrún Diljá Agnarsdóttir  
Anna Katrín Hálfðanardóttir  
Jóhanna Rut Gunnarsdóttir  
Þórhildur Magnúsdóttir  
Baldur Viggósson Dýrfjörð  
Jakob Máni Eiríksson  
Matthildur Kemp Guðnadóttir  
Sóley Bjarnadóttir  
Hrefna Ásgeirsdóttir

## VIÓLA

Anna Elísabet Sigurðardóttir  
Fidel Atli Quintero Gasparsson  
Steina Kristín Ingólfsdóttir  
Embla Þorfinnsdóttir  
Finnur Jónsson  
Lena Lísbet Kristjánsdóttir  
Auður Indriðadóttir  
Sarah Buckley

## SELLÓ

Hjörtur Páll Eggertsson  
Laufey Lín Jónsdóttir  
Sverrir Arnórsson  
Sólveig Aðalbjört Guðmundsdóttir  
Jón Pétur Snæland  
Sara Sólveig Kristjánsdóttir  
Bergljót Vala Sveinsdóttir  
Hrafnkell Orri Egilsson

## BASSI

Aron Jakob Jónasson  
Ásthildur Helga Jónsdóttir  
Ingvi Rafn Björgvinsson  
Alexandra Kjeld  
Dagur Bjarnason  
Hávarður Tryggvason  
Richard Korn

## FLAUTA

Kristín Ýr Jónsdóttir  
Dagbjört Erla Kjartansdóttir  
Helen Xinwei Chen

## ÓBÓ

Össur Ingi Jónsson  
Tobias Helmer  
Peter Tompkins

## KLARÍNETT

Birkir Örn Hafsteinsson  
Símon Karl Sigurðarson  
Kristín Jóna Bragadóttir

## FAGOTT

Arna Marín Thorarensen  
Berglind Bjarnadóttir  
Bergrún Lilja Jónsdóttir

## HORN

Jón Hákon Richter  
Helga Mikaelesdóttir  
Atli Sigurðsson  
Katrín Guðnadóttir  
Bjarki Gunnarsson

## TROMPET

Ingibjörg Ragnheiður Linnet  
Gunnar Kristinn Óskarsson  
Árni Daniel Árnason  
Herdís Ágústa Linnet

## BÁSÚNA

Jón Arnar Einarsson  
Steinn Völundur Halldórsson  
Heimir Ingi Guðmundsson, bassabásúna

## TÚBA

Ásgrímur Ari Einarsson

## PÁKUR

Þorvaldur Halldórsson

## SLAGVERK

Eva Kolbrún Kolbeins  
Svanhildur Lóa Bergsveinsdóttir  
Egill Ívarsson

Arna Kristín Einarsdóttir framkvæmdastjóri  
Árni Heimir Ingólfsson listrænn ráðgjafi  
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi  
Grimur Grímsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri  
Hjördis Ástráðsdóttir fræðslustjóri  
Kristbjörg Clausen nótna- og skjalavörður  
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri

Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri  
Greipur Gíslason verkefnastjóri  
Una Eypórsdóttir mannauðsstjóri  
Jökull Torfason umsjónarmaður nótna



Síminn 

## Njóttu Sinfóníunnar heima með Sjónvarpi Símans

[siminn.is/sinfonian](http://siminn.is/sinfonian)

### Síminn sendir beint frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands tvisvar í mánuði í allan vetur

Strengir titra, raddbönd þenjast og fínustu blæbrigði berast heim í stofu með fyrsta flokks útsendingu í Sjónvarpi Símans.

Núna býðst þér að vera með áskrift að tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Njóttu Sinfóníunnar í nærmynd fyrir 2.900 kr. á mánuði í Sjónvarpi Símans.

**Pantaðu áskrift í síma 800 7000.**



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Glænýtt skólakort

Gott sæti á besta verðinu á tónleikadegi



**Nú býður Sinfóníuhljómsveitin námsmönnum yngri en 25 ára upp á nýtt kort sem kallast Skólakortið.**

Með því að sækja kortið í miðasölu Hörpu geta handhafar þess keypt miða á tónleikadegi á almenna tónleika Sinfóníunnar á **1.700 kr.** Hægt er að kaupa miða hvar sem er í salnum á þessu frábæra verði, allt eftir því hvað er laust.



Aðalstyrktaraðili:

**GAMMA**